

Reykjavík, 29. október 2018

Til forsætisnefndar,

Með vísan í 16. gr. siðareglna alþingismanna og reglur forsætisnefndar um meðferð erinda og málsmeðferð samkvæmt siðareglum fyrir alþingismenn endurtekur undirritaður eftirfarandi erindi til forsætisnefndar:

Í svari forseta við erindi undirritaðs til forsætisnefndar dagsett 21. febrúar 2018 kemur fram “að erindi um meint brot á reglunum skulu lúta að því hvort tilgreindur þingmaður eða þingmenn hafi ...”. Eftir að fram kom lögfræðiálit um erindi undirritaðs benti undirritaður forseta á þann misskilning sem þar var reifaður í ræðu undir störfum þingsins þann 7. mars 2018 þar sem undirritaður sagði:

Markmið erindisins er að forsætisnefnd rannsaki þær endurgreiðslur sem skrifstofustjóri þingsins segir í fjölmöldum að hafi ekki verið rannsakaðar, að nefndin meti hvort einhverjar endurgreiðslur geti varðað brot á lagareglum sem þarfust úrskurðar þar til bærra stjórnvalda eða dómstóla. [...]

Ég vil þess vegna beina því til forseta að hlusta á efni erindisins en ekki á þróngan lögfræðiútúrsnúning á því, vegna þess að ef erindinu er vísað frá vegna þýðingar yfir á lögfræði, þá verð ég bara að senda annað erindi og annað og annað þar til þýðingin verður loksns rétt. Maður á nefnilega ekki að þurfa að vera lögfræðimenntaður til að senda nefndinni erindi. Forseti getur sparað þinginu og forsætisnefnd ómælda vinnu með því að setja ekki upp þróngsýn lögfræðigleraugu til að skjóta sér undan þeirri ábyrgð að sinna því eftirliti sem erindið krefur forsætisnefnd um.

Undirritaður endurtekur því erindi sitt til forsætisnefndar með lagfæringum svo að hægt sé að tryggja að ekki verði uppi frekari misskilningur.

Í þingskjali 270, í 33. máli á 148. löggjafarþingi kemur fram svar forseta Alþingis við fyrirspurn undirritaðs um aksturskostnað alþingismanna. Í svari forseta má finna upplýsingar sem sýna að endurgreiðsla til þingmanna hafi ekki verið í samræmi við reglur forsætisnefndar um þingfararkostnað. Telur undirritaður að þetta kunni að varða við 14. gr. siðareglna alþingismanna.

Undirritaður hefur fengið bréf frá lagaskrifstofu Alþingis, en í því kemur eftirfarandi fram:

Hér gilda lög um þingfararkaup og þingfararkostnað, nr. 88/1995 og reglur forsætisnefndar frá 19. desember 2007 með síðari breytingum.

Um endurgreiðslu ferðakostnaðar þingmanna er fjallað í 7. gr. þingfararkaupslaganna. Greint er á milli ferðalaga innan kjördæmis og milli heimils og Reykjavíkur (1. mgr. 7. gr.). Fjallað er nánar um endurgreiðslu ferðakostnaðar í 4.

PSL

– 5. gr. reglna forsætisnefndar og í 6. gr. þeirra um tilhögun á greiðslu ferðakostnaðar, en sú grein hefur einkum verið til umfjöllunar.

Skv. 16. gr. þingfararkaupslaganna er gert ráð fyrir því að skrifstofa Alþingis úrskurði um reikninga þá sem alþingismanni skulu endurgreiddir skv. lögnum. Enn fremur að þingmaður geti skotið ákvörðun skrifstofunnar til forsætisnefndar sem úrskurðar endanlega í málínu. Að auki er gert ráð fyrir því að forsætisnefnd skeri úr um vafa sem kann að vera um rétt alþingismanns samkvæmt lögnum. Í því felst túlkun laganna t.a.m. með setningu reglna og að svara álitaefnum um framkvæmd þeirra.

Samkvæmt þessu er skrifstofu Alþingis ætlað að bregðast við ef hún hefur vitneskju um að reikningur sé ekki réttur. Ef skrifstofan neitar að greiða reikninginn, getur þingmaðurinn skotið málínu til forsætisnefndar, sem sker úr.

Forsætisnefnd fjallar einnig um rökstudd erindi um brot á siðareglum alþingismanna, sbr. 16. grein reglnanna, t.a.m. hvort þingmaður hafi brotið 14. gr. þeirra. Þá er ekki heldur útilokað að meint brot þingmanns verði kaert til löggreglu, sem myndi þá fylla um málið að öðrum skilyrðum uppfylltum, sbr. 1. mgr. 17. gr. siðareglnanna.

Af bréfi þessu má sjá að skrifstofu Alþingis ber að bregðast við ef hún hefur vitneskju um að reikningur sé ekki réttur. Þannig hafi skrifstofa Alþingis eftirlitsskyldu þegar kemur að endurgreiðslum til þingmanna, en vitneskja um að reikningur sé ekki réttur getur aðeins komið til af því tilefni að skrifstofa Alþingis hafi eftirlit með endurgreiðslunum.

Undirritaður vísar til svarts skrifstofustjóra Alþingis við fyrirspurn Stundarinnar þann 19. febrúar 2018:

Skrifstofa Alþingis hefur ekki talið það vera í verkahring sínum að leggja mat á það hvort þingmaður á erindi á fund sem hann er til dæmis boðaður á eða hvort hafi verið að hann boðaði til fundar. Slíkt verður að vera í höndum þingmannsins sjálfs,<sup>1</sup>

Telur undirritaður að þessi túlkun skrifstofustjóra Alþingis sé í andstöðu við túlkun lagaskrifstofu Alþingis á lögum um þingfararkaup og þingfararkostnað.

Þá vísar undirritaður að lokum til blaðagreinar sem birtist í vefútgáfu Fréttablaðsins þann 17. febrúar 2018 sem bar titilinn „*Röng skráning í akstursbók geti talist fjárvík*“, en í greininni lýsti Jón Þór Ólason, sérfræðingur í refsirétti, því að röng skráning í akstursbók gæti talist fjárvík í skilningi almennra hegningarlaga.<sup>2</sup>

Í greinargerð sem birt var á vef Alþingis þann 5. mars 2018 um fyrra erindi mitt kemur fram:

Eins og fram hefur komið hefur skrifstofan fyrst og fremst gætt að því að fram komi þær upplýsingar sem gerð er krafa um svo að greiða megi þá reikninga sem borist hafa frá þingmönnum eða fyrir störf þeirra að öðru leyti. Skrifstofan hefur ekki talið sig hafa heimild til að meta ferðatilefni hverju sinni og úrskurða um það og ekki hefur verið

<sup>1</sup>

<https://stundin.is/grein/6259/thingmonnum-i-sjalfsvald-sett-hvort-rikid-greidi-aksturskostnad-theirra-vegna-pr-ofkjara/>

<sup>2</sup> <https://www.frettabladid.is/frettir/fjarsvik-segir-serfraeingur>

krafist staðfestingar á því t.d. að fundur hafi átt sér stað. Þar hefur verið **treyst á heiðarleika þingmanna**. Engin formleg athugasemd hefur verið gerð af hálfu skrifstofunnar um tilefnislausa reikninga og skrifstofan hefur engin gögn í sínum höndum sem benda til þess að þingmenn hafi vitandi vits eða af ásetningi reynt að krefja Alþingi um endurgreiðslur umfram það sem þeir áttu rétt á. Skrifstofan hefur heldur aldrei greitt reikning eða endurgreittr reikning sem hún hefur talið sig vita að væri tilefnislaus. Væri eitthvað athugavert við reikning og tilefni hans hefur reikningurinn verið endursendur með ósk um frekari skyringar o.s.frv. Skrifstofan hefur oft átt samtöl við þingmenn um eitt og annað varðandi greiðslur til þeirra, eins og áður er rakið, t.a.m. um að akstur sé mikill, símreikningur hár o.s.frv. Slik matsatriði hljóta alltaf að koma upp í umfangsmiklum rekstri. Það hafa aðeins verið ábendingar af hálfu skrifstofunnar og þeim hafa þingmenn oftast tekið vel og brugðist við þeim.<sup>3</sup>

Einnig kemur fram í sömu greinargerð:

Skylt er að skrá nákvæmlega um ferðina í akstursbók, km. fjölda o.s.frv. ef um akstur á eigin bifreið er að ræða. **EKKI HEFUR VERIÐ KRAFIST STAÐFESTINGARGAGNA UM AÐ FUNDUR EÐA ATBURÐUR HAFI ÁTT SÉR STAÐ.** Skrifstofan hefur eigi að síður oft og einatt beðið um viðbótarskýringar þannig að þær séu fullnægjandi áður en greiðsla fer fram. Að fundur eða athöfn hafi farið fram (ferðatilefnið) er ávallt á ábyrgð þingmanna.

Í reglum um þingfararkostnað kemur fram í 5. gr. um fundarferðir:

Endurgreiða skal alþingismanni kostnað við ferðir í önnur kjördæmi en eigið á fundi sem **hann boðar eða er boðaður á starfa sinna vegna**. Sama á við um ferðir þingmanns meðan hann dvelst í Reykjavík á þingtíma, eða dvelst þar í erindum Alþingis utan þingtíma, ef hann þarf að fara í sérstaka fundaferð í eigið kjördæmi.

Í yinnureglum skrifstofu Alþingis um endurgreiðslu ferðakostnaðar kemur einnig fram:

Tilefni fundar getur verið boð um fund sem þingmaðurinn fær eða fundur sem þingmaðurinn boðar sjálfur.

Fundi skal skrá í sérstaka akstursdagbók (akstursdagbok.is). Tilgreina skal erindi, tímasetningu og **skulu áskilin staðfestingargöggn fylgja, svo sem fundarboð**. Í bókun skrifstofunnar skal einungis tilgreina ferð með þrennum hætti:

- i. heimferð,
- ii. fundur í kjördæmi,
- iii. fundur utan kjördæmis.

Nákvæmari skráning er aðeins til þess að gefa kost á reglulegu eftirliti endurskoðunar

Í 14. gr. siðareglна alþingismanna segir að þingmenn skuli sjá til þess að endurgreiðsla fyrir útgjöld þeirra sé í fullkomnu samræmi við reglur sem settar séu um slik mál. Ábyrgð þingmanna er því skýr og óskar undirritaður eftir því að fram fari rannsókn á því hvort samræmi sé á milli reikninga **allra þingmanna** og endurgreiðslna sem inntar hafa verið af

<sup>3</sup> <https://www.althingi.is/media/frettir/FerdakostnadurGreinargerdHB7.pdf>

hendi svo langt aftur í tímann að brotin væru ekki fyrnd ef um væri að ræða fjárvík sbr. 248. gr. almennra hegningarlaga, hvort þær skýringar um **fundarboð** sem gefnar eru teljast nægilegar til þess að hægt sé að votta að um réttar og nægjanlegar skýringar skv. reglum um endurgreiðslu ferðakostnaðar sé að ræða. Það getur til dæmis ekki verið fullnægjandi ástæða fyrir endurgreiðslu komi þingmaður óboðinn við í kaffi einhvers staðar og jafnvel ekki þó þingmaður hringi á undan sér. Túlkunin á því hvað sé fundarboð og fundur sem þingmaður getur fengið endurgreiddann kostnað fyrir verður að vera takmörkunum háð. Þegar upphæðir fyrir endurgreiðslu ferðakostnaðar verða eins háar og fram kemur í svari forseta við fyrirspurn undirritaðs þá hlýtur að fara fram skoðun á því hvort kröfur um endurgreiðslu séu réttmætar. Ekki má að öllu leyti treysta á heiðarleika þingmanna við þá skoðun, slíkt traust af hálfu eftirlitsaðila hlýtur að teljast ámælisvert.

Til þess að koma í veg fyrir frekari misskilning þá leitaði undirritaður til fjármálaskrifstofu Alþingis þann 27. ágúst sl. til þess að fá lista af nöfnum allra þingmanna sem hafa fengið endurgreiddann aksturskostnað síðan þær reglur tóku gildi. Svar hefur því miður enn ekki borist þannig að ekki er haegt að setja hér inn lista af þeim þingmönnum sem þetta erindi beinist að. Vegna þess að þessir reikningar eru ekki aðgengileg gögn þá getur undirritaður ekki bent á einstaka reikninga frá einstökum þingmönnum. Vegna þeirra upplýsinga sem fram komu í svari forseta um aksturskostnað þingmanna, um umfang þeirra endurgreiðslna, beinir undirritaður því erindi þessu að **öllum þingmönnum** en til vara að einum nánari tilgreindum þingmanni.

Með vísan til ofangreindra atriða er þess óskað að forsætisnefnd taki til umfjöllunar hvort þeir þingmenn sem vísað er til að ofan hafi brotið siðareglur alþingismanna, sbr. 16. gr. siðareglnanna vegna þeirra endurgreiðslna sem þeir fengu fyrir aksturskostnað. Til vara er þess óskað að athugað verði hvort Ásmundur Friðriksson, kt: 210156-4459, hafi brotið siðareglur alþingismanna vegna þeirra endurgreiðslna sem hann fékk fyrir aksturskostnað, sbr. 16. gr. siðareglnanna. Þess er óskað að tekin verði afstaða til þess hvort siðareglur, háttensisreglur eða lög hafi verið brotin þegar málsathugun lýkur samkvæmt 17. gr. siðareglna alþingismanna og hvort þurfi að vísa málinu áfram til þar til bærra yfirvalda.



Björn Levi Gunnarsson, þingmaður Pírata  
kt. 010676-6069  
Ljósheimar 10, 104 Reykjavík